

50

10. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafn lætur þeim í té, alla íslenskra ríkisborgara, 15 ára og eldri, er látast í söfnuðum þeirra. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

Nú jarðsyngur annar en hlutaðeigandi prestur lík, og skal hann þá senda sóknarpresti ásamt dánarvottorði þær upplýsingar um hinn látna, sem krafizt er samkvæmt lögum þessum. Sóknarprestur skal í árslok gefa æviskrárritara skýrslu um alla þá, er skráðir eru látnir í kirkjubók hans á árinu, og sé þess þar jafnan getið, hver jarðsöng.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

51

28. maí

AUGLÝSING

um framlenging viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í Reykjavík 30. apríl 1958 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1959.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. maí 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.